

Miðvikudaginn 5. janúar 1994.

Nr. 449/1993

**Protabú Sölusamtaka íslenskra
matjurtaframleiðenda**

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Lögtak. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. desember sl., sem barst réttinum með kærugögnum 10. s.m. Hann krefst sýknu af kröfum varnaraðila að því er tekur til álagðra opinberra gjalda fyrir árið 1987. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Kröfu varnaraðila fylgdi lögtaksréttur og hún fyrntist á fjórum árum samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Með lögtaki því, sem gert var í fasteigninni Síðumúla 34 í Reykjavík 13. október 1988, var slitið fyrningu á kröfunni, sbr. 12. gr. nefndra laga. Lögtaksgerðinni var fylgt eftir með beiðni um nauðungaruppboð 6. júlí 1989. Það fór fram 20. júní 1990. Samkvæmt frumvarpi að úthlutun uppboðsverðs í febrúar 1991 kom ekkert til greiðslu á uppboðskröfu varnaraðila. Bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta 30. júní 1992. Hinn 25. ágúst sama ár lýsti varnaraðili umræddri kröfu í þrotabúið, og var hún móttækin af skiptastjóra 28. sama mánaðar. Fyrningarfrestur vegna kröfunnar var þá ekki liðinn. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 80.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, þrotabú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. október sl., var þingfest 30. júní 1993 til úrlausnar um ágreining um viðurkenningu lýstrar kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík í þrotabúið, að fjárhæð kr. 24.282.258,00, en skiptastjóri samþykkti kröfuna sem almenna kröfu, að fjárhæð 11.750.210,00.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að krafa Gjaldheimtunna í Reykjavík verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabúið, að fjárhæð kr. 24.282.258,00.

Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila í málinu.

Varnaraðili gerir þær kröfur að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að afstaða skiptastjóra til lýstra krafna verði staðfest. Auk þess krefst hann málskostnaðar að skaðlausu og virðisaukaskatts af málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Málsatvik.

I.

Málsatvik eru þau, að bú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur þann 30. júní 1992.

Skiptastjóri var skipaður Einar Gautur Steingrímsson hdl.

Gjaldheimtan í Reykjavík lýsti kröfu að fjárhæð kr. 24.850.648,00, en með nýjum útreikningi, gerðum 4. maí 1993, var krafan lækkuð í kr. 24.282.258,00. Kröfulýsing þessi var send eftir lok kröfulýsingarfrests, en með samþykki allra kröfuhafa var samþykkt að hún kæmist að í þrotabúinu.

Skiptastjóri féllst á kröfuna að fjárhæð kr. 11.750.210,00 þar sem hann taldi álögð gjöld fyrir árið 1987 fyrnd.

Þessari afstöðu skiptastjóra var mótmælt af hálfu Gjaldheimtunnar á skiptafundi sem haldinn var þann 5. maí 1993.

Með vísan til 120. gr., sbr. 171. gr., laga nr. 21/1991 krafðist því skiptastjóri úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur um framangreindan ágreining.

II.

Sóknaraðili mótmælir afstöðu skiptastjóra til kröfu sinnar. Hann byggir kröfur sínar á því að gert hafi verið lögtak hjá skuldara 13. október 1988 og hafi sú gjörð slitið fyrningu skv. 12. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 3. gr. 3. tl. sömu laga.

Í öðru lagi hafi verið gerður reki að því að innheimta kröfuna með því að biðja um uppboð þann 6. júlí 1989 á eigninni sem gert hafi verið fjárnám í. Gjaldheimtan hafi því haldið kröfunni fyllilega til laga.

Gerir hann athugasemd við þá fullyrðingu skiptastjóra að kröfulýsing Gjaldheimtunnar hafi borist of seint, þ.e.a.s. eftir 29. október 1992, en kröfulýsing Gjaldheimtunnar hafi verið dagsett 25. ágúst og móttækin af skiptastjóra 28. s.m.

Varnaraðili fellst á, að þessar athugasemdir séu réttar, og bendir á, að fyrir mistök hafi varnaraðili ekki verið boðaður á skiptafund með réttum hætti og hafi því ekki mætt til þess að gæta hagsmuna sinna og mótmæla afstöðu skiptastjóra sem þá hafði hafnað kröfulýsingu varnaraðila.

Til að sá þáttur hafi ekki þurft að fara fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, hafi verið farin sú leið að Gjaldheimtan lýsti kröfum sínum á ný og að sú kröfulýsing kæmist að með samþykki allra hlutaðeigandi.

III.

Varnaraðili bendir á til stuðnings kröfum sínum að þann 13. október 1988 hafi verið gert lögtak hjá Sölusamtökum ísl. matjurtaframleiðenda fyrir gjöldum þeim, sem eru grundvöllur deilu þessarar, í Síðumúla 34, Reykjavík. Þann 20. júní 1990 hafi farið fram uppboð á þeirri fasteign og í febrúar 1991 hafi verið út gefið frumvarp til úthlutunar á uppboðsandvirðinu.

Ágreiningslaust sé að kröfur Gjaldheimtunnar fýrnist á 4 árum. Ágreiningurinn snúist um það hvort varnaraðili hafi rofið fyrningu með þeim réttaráhrifum að nýr fyrningarfrestur hafi byrjað að líða.

Hann kveður helstu sjónarmið sín vera þessi:

1. Aldrei hafi verið kveðinn upp dómur um efni kröfunnar. Málsókn í skilningi 11. gr. laga nr. 14/1905 hafi ekki heldur byrjað. Stafi það af því, að það hafi ekki verið hlutverk fógeta á þeim tíma, sem lögtakið var gert, að dæma um efni réttinda heldur hafi fógeti fjallað um hvort lögtak skyldi gert eður ei. Þetta tvennt sé eðlisólíkt þar sem fógeti hafi annars vegar úrskurðað um hvað hann ætlaði að framkvæma, á meðan bæjarþing hins vegar dæmdi um efni réttinda. Málsókn í skilningi fyrningarlaga hafi því aldrei getað hafist fyrir fógetarétti.

Þessi skilningur fái byr undir báða vængi þegar 11. gr. fyrningarlaga sé skoðuð, en þar sé talað um, að málsókn byrji með kæru til sáttanefndar eða

stefndu, og ekki gert ráð fyrir öðrum aðferðum. Í lok 11. gr. sé notað hugtakið efnisdómur, en slíka dóma hafi fógæti aldrei gætað kveðið upp. Það hafi ekki heyrt undir hans valdsvið.

Af þessum ástæðum hafi úrskurðir fógæta ekki verið taldir hafa bindandi verkanir gagnvart hliðsettum dómurum bæjarþings eða aukadómþings.

2. Í 12. gr. fyrningarlaga sé fjallað sérstaklega um slit fyrningar með lög-taki o.fl.

Þann skilning verði að leggja í þetta ákvæði, að þegar lögsókn endi hafi gerðarbeiðandi 6 mánuði til að byrja að nýju með þeim réttaráhrifum að hann hafi áfram lögtaksrétt þótt krafan sé fyrnd að efni til, þ.e. lögtaksréttur er eitt, en kröfuréttur annað, þótt þetta tvennt fylgist oftast að. Hér sé því um að ræða sérstaka undantekningu frá þeirri reglu að lögtaksréttur falli niður þegar krafan fyrnist.

Hvað sem öðru líði, þá felist í 12. gr. fyrningarlaga að nýjar aðgerðir fyrir fógæta (eða bæjarþingi verði ekki fallist á þann skilning sem haldið hafi verið fram að ofan), hafi orðið að hefjast innan 6 mánaða frá því að þeim fyrri hafi lokið. Þetta hafi ekki verið gert, eins og sjá megí af því að uppboðs-meðferð hafi lokið þann 20. júní 1990 og verði ekki séð að nein aðgerð hafi farið fram næstu 6 mánuði á eftir sem hefði gætað rofið fyrningu.

Niðurstaða.

IV.

Mál þetta snýst um hvort krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík vegna álagðra gjalda fyrir árið 1987 sé fyrnd og hvort fyrning hafi verið rofin með lögtaki sem gert var í eignum varnaraðila 13. október 1988 vegna þeirra gjalda.

Krafa sú, sem hér um ræðir, féll í gjalddaga á árinu 1987 og telja verður að kröfur vegna opinberra gjalda fyrnist á 4 árum, sbr. 3. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905, nema dómur hafi gengið um kröfurnar, sbr. 4. gr. fyrningarlaga.

Þann 13. október 1988 var gert lögtak í eign varnaraðila að Síðumúla 34, Reykjavík, „til tryggingar vangoldnum opinberum gjöldum gerðarþola samkvæmt gjaldheimtuseðli 1987 og 1988 með áföllnum dráttarvöxtum pr. 9. 9. 1988, samtals að fjárhæð kr. 11.051.966,00, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar“.

Í 12. gr. fyrningarlaga er sérákvæði um að krafa sé sótt í tæka tíð, ef lögtak eða fjárnám eða nauðungaruppboð án undangengins fjárnáms sé byrjað áður en fyrningarfrestur er liðinn. Lögtak var gert fyrir kröfunni 13. október 1988. Fyrningarfrestur ofangreindrar kröfu Gjaldheimtunnar vegna álagðra gjalda fyrir 1987 var ekki liðinn, þegar gert var lögtak hjá varnaraðila fyrir kröfunni. Fyrningarslitin miðast við þann tíma sem réttargerðir

hefjast. Hefjist þær innan fyrningarfrestsins, byrjar nýr fyrningarfrestur að líða, og samkvæmt ofangreindu byrjaði nýr fyrningarfrestur að líða 13. október 1988.

Lögtakið fór fram, og það var ekki fellt úr gildi við æðra dómstól. Síðari málsliður 12. gr. fyrningarlaga getur því á engan hátt átt við í máli þessu.

Krafa sóknaraðila í bú varnaraðila er móttækin 28. ágúst 1992. Það er því ljóst að þegar krafan er móttækin er fyrningarfrestur kröfunnar ekki liðinn.

Ber því að fallast á með sóknaraðila, að krafa hans vegna álagðra gjalda fyrir árið 1987 sé ekki fyrnd, og viðurkenna kröfu hans að fjárhæð kr. 24.282.258,00 sem almenna kröfu í bú Sölusamtaka ísl. matjurtaframleiðenda.

Með vísan til ofangreinds ber varnaraðila að greiða sóknaraðila kr. 30.000,00 í málskostnað.

Ingveldur Einarasdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, er viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Sölusamtaka ísl. matjurtaframleiðenda, að fjárhæð kr. 24.282.258,00.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 30.000,00 í málskostnað.
